

Fundargerð 19.október 2010-10-26

Fundur í stjórn Foreldrafélags FSH . Haldinn í Framhaldsskólanum. Kl. 18:00

Mættir voru: María Kristjánsdóttir, Árninna Stefánsdóttir, Elín B Hartmannsdóttir og Viðar Sigurðsson.

Efni fundar:

- Undirbúningur Aðalfundar á morgun 20. Október í Framhaldsskólanum kl.20:00 Auglýsing var birt í Skránni í síðustu viku en auglýsa ber með 7 daga fyrirvara og með sannanlegum hætti með dagskrá. Dagskrá fundarins var undirbúin. María gefur kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu en aðrir stjórnarmenn munu yfirgefa stjórn. Ljóst er að til starfa þarf að kjósa fjóra nýja og tvo til vara samkvæmt Lögnum.
- Ákveðið var að hringja í alla foreldra nýnema við skólann og boða til fundarins með hvatningu um að gefa kost á sér til stjórnarstarfa í Félaginu. 14. September var Nýnemaforeldravöld í skólanum, þar sem fulltrúar stjórnar Foreldrafélagsins þau Elin og Viðar mættu og kynntu Foreldrafélagið og störf þess. Vel var mætt á þann fund af foreldrum nýnema. Fenginn var nafnalisti frá Skólanum og skipta stjórnarmenn á sig að hringja í kvöld í foreldra.
- Árninna ætlar að sjá um að koma með léttar veitingar fyrir Aðalfundinn. Elín sér um setningu fundar og les skýrslu stjórnar og María sér um stjórnarkjör en komnar eru 1 til 2 tilnefningar. Síðan eru önnur mál á dagskrá fundarins.
- Ekki fleira rætt og fundi slitið kl. 19:40 / EBH